



Borgarráð

Grænt húsnæði framtíðarinnar – viðræður við hlutskörpustu teymin um lóðavilyrði

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita skrifstofu borgarstjóra og borgarritara umboð til að ræða við hlutskörpustu hópana í verkefninu, sbr. meðfylgjandi kynningu um niðurstöðu dómnefndar. Markmið viðræðnanna verði útgáfa formlegra lóðavilyrða og í kjölfarið lóðaúthlutana með þeim skilyrðum og kvöðum sem skilgreind verða í hverju tilviki fyrir sig til að markmið verkefnisins náist. Trúnaður gildi um niðurstöðu dómnefndar þar til föstudaginn 1. apríl 2022.

Greinargerð:

Í nóvember 2021 kallaði Reykjavíkurborg eftir umsóknum um samstarf á fimm lóðum í borginni með það að markmiði að styðja við uppbyggingu vistvænni mannvirkja þar sem kappkostað hefur verið að draga úr neikvæðum áhrifum á loftslag og umhverfi. Verkefnið er hluti af Græna plani Reykjavíkur og tekur mið af áherslum aðalskipulags og loftslagsáætlunar borgarinnar en í því er horft heildrænt á sjálfbærni og lögð áhersla á að fagurfræði, tækni og notagildi haldist þétt í hendur.

Gögn vegna verkefnisins voru lögð fyrir borgarráð 28. október og 8. nóvember 2021 og var framlengdur skilafrestur til 31. janúar 2022.

Alls bárust 35 tillögur um uppbyggingu á lóðunum fimm: 7 í Arnarbakka 6; 5 í Frakkastíg 1; 12 í Veðurstofureit; 7 í Völvufell 13-23; og 4 í Völvufell 43.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Kynning skrifstofu borgarstjóra og borgarritara á niðurstöðu dómnefndar vegna *Græns húsnæðis framtíðarinnar – trúnaðarmerkt*.